



# ÍSAFJARÐARBÆR

ERINDISBRÉF NEFNDA

## Atvinnu- og menningarmálanefnd

### Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir beint undir bæjarstjórn. **Bæjarritari** starfar með nefndinni.

Nefndin starfar á **stjórnsýslu- og fjármálasviði**, sem er undir stjórn bæjarritara.

### Skipan nefndarinnar

Bæjarstjórn kýs **þrjá fulltrúa** og jafnmarga til vara í atvinnumálanefnd og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar.

Auk kjörinna fulltrúa eiga **bæjarstjóri og bæjarritari** rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi atvinnumálanefndar sé þess óskað.

Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann, en nefndin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

### Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í atvinnu-, ferða- og menningarmálum;
- að vera tengiliður bæjarstjórnar og atvinnulífs;
- að vera tengiliður bæjarstjórnar og menningarlífs;
- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í lista-, menningar og safnamálum, vinabæjarsamskipum og í húsafriðunarmálum bæjarfélagsins;
- að vinna í samræmi við stefnumótun Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum;
- að annast undirbúning hátíðarhalda á vegum bæjarins;
- að stuðla að því að aðstæður til reksturs fyrirtækja í Ísafjarðarbæ séu eins og best gerist á landinu;
- að hafa yfirsýn yfir atvinnulíf í Ísafjarðarbæ, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum bæjarins;

- að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar;
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um útgjaldaliði á sviði atvinnu- og ferðamála;
- að afla tiltækra upplýsinga, m.a. í samstarfi við aðrar nefndir, um þau atriði sem mestu máli skipta varðandi atvinnuaðstæður og byggðaðróun;
- að eiga náið samstarf við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða;
- að eiga samstarf við Ferðamálasamtök Vestfjarða eftir því sem við á, sem og önnur hagsmunasamtök í atvinnu- og ferðamálum á svæðinu;
- að standa fyrir almennum fundum og annarri kynningu um atvinnu-, ferða- og menningarmál;
- að fylgjast með atvinnuhorfum og vinna ásamt bæjarstjórn gegn almennu atvinnuleysi;
- að hvetja fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri, t.d. með veitingu viðurkenninga;
- að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur henni.

Meginhlutverk atvinnumálanefndar er **stefnumótun**, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin setur starfsmönnum sem með nefndinni starfa starfsreglur um afgreiðslu mála.

## Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í **VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Atvinnumálanefnd kemur saman fyrir **luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma** að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Nefndin skal halda **gerðabók**. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð. Í fundargerð skal getið **hvar og hvenær** fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal **einstök** mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Í lok fundar skal fundargerð **lesin upp og undirrituð** af fundarmönnum. Einnig skal formaður nefndar og einn nefndarmanna setja **upphafsstafi** sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Heimilt er að skrá fundargerðir í **tölvu**. Sé það gert skal bóka í gerðabók atvinnumálanefndar **númer fundar**, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina **blaðsíðutal** fundargerða. Nefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Fundarmenn fá **afrit** af fundargerð nefndarinnar í lok fundar.

Formaður og/eða bæjarritari sjá um boðun funda. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef **meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi**. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

## Eftirfylgni

Atvinnumálanefnd og bæjarritari hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi verkefni nefndarinnar.

Formaður og aðrir fulltrúar í atvinnumálanefnd skulu snúa sér til **bæjarstjóra** til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum nefndarinnar.

## Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í atvinnumálanefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar, eftir atvikum.

Fulltrúa er **skylt** að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á **rétt á að koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa **hag bæjarins að leiðarljósi** við störf sín í nefndinni en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir **þagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 fulltrúa, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan**, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

## Starfsmannamál

Starfsmannamál eru ekki á verksviði atvinnumálanefndar.

## Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal atvinnumálanefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar.

Þá skal nefndin fylgja **samþykkt um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar** eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.